

Sent með tölvupósti

Reykjavík, 8. desember 2022

Alþingi
Utanríkismálanefnd
b.t. Bjarni Jónsson, formaður

Efni: Umsögn til utanríkismálanefndar um þingsályktunartillögu um breytingu á þingsályktun um þjóðaröryggisstefnu fyrir Ísland, nr. 26/145, 487. mál, 153. löggjafarþing.

Bændasamtök Íslands styðja þær breytingar sem lagðar eru til á þingsályktun um þjóðaröryggisstefnu fyrir Ísland sem og þjóðaröryggisstefnuna í heild.

Sérstaklega ber að fagna því að orkuöryggi sé sett inn í þjóðaröryggisstefnuna en sá þáttur er stór liður í því að hægt sé að tryggja fæðuöryggi þjóðarinnar. Í skýrslu starfshóps um neyðarbirgðir sem kom út í ágúst sl. er að finna gott yfirlit yfir þær áskoranir sem þarf að yfirstíga til að tryggja fæðuöryggi. Því til viðbótar má nefna aðrar áskoranir til framtíðar sem geta varðað nokkra liði þjóðaröryggisstefnunnar en það er aðgengi að ræktunarlendi, neysluvatni og hitaveitum.

Að því sögðu eru fulltrúar samtakanna reiðubúnir til að koma á fund nefndarinnar til frekari umræðu og skoðanaskipta.

Virðingarfyllst
f.h. Bændasamtaka Íslands

Hilmar Vilberg Gylfason, lögfræðingur